

Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns og krefst fjárnáms fyrir DM. 9.556.44 með 7% ársvöxtum frá 1. apríl 1967 til greiðsludags, kr. 120.00 í endurrits- og birtingarkostnað, kr. 13.000.00 í málskostnað samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í., kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli er hér ekki. Fyrir hann mætir Júlíus P. Guðjónsson, sem starfar hér. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt og segir, að málinu sé (eða verði) þegar áfrýjað, en getur ekki lagt fram áfrýjunarstefnu. Samkvæmt framkomnu verður fógæti að láta gerðina fara fram.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógæti yfir fjárnámi í eign gerðarþola, bifreið, R 19917, Ford Transit, árgerð 1967, svo og peningaskáp af Meilink gerð, staðsettum að Skúlagötu 26, verzlun gerðarþola.

Fallið var frá virðingu.

Fógæti skýrði þýðingu gerðarinnar og brýndi fyrir mætta að skýra gerðarþola frá fjárnáminu. Upplésið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Föstudaginn 17. desember 1971.

Nr. 46/1971. **Lánasjóður atvinnubifreiðarstjóra**
(Þorvaldur Þórarinnsson hrl.)
gegn
Ingjalði Ísakssyni og gagnsök
(Ólafur Þorgrímsson hrl.)

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Samvinnufélög.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. marz 1971. Krefst hann sýknu af kröfum gagn-áfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með

stefnu 29. nóvember 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi 3. s. m. Krefst hann þess, að staðfest verði ákvæði héraðsdóms um ógildingu lagabreytingar, er gerð var á aðalfundi aðaláfrýjanda 28. nóvember 1968, og um atkvæðisrétt og kjörgengi gagnáfrýjanda svo og um málskostnað. Enn fremur krefst hann þess, að aðalfundur aðaláfrýjanda, sem haldinn var 8. desember 1969, verði ógiltur og að lagt verði fyrir stjórn aðaláfrýjanda, eins og hún var skipuð fyrir þann fund, að boða til nýs aðalfundar, þar sem gagnáfrýjandi og aðrir þeir, sem eins stóð á um, fái notið atkvæðisréttar síns og kjörgengis. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi er félag, sem skráð er á samvinnufélagaskrá, og gagnáfrýjandi félagsmaður í því. Í félagssamþykktum, er samþykktar voru á stofnfundi 7. desember 1953, var mælt svo fyrir í 6. gr., að til þess að öðlast rétt til lántöku hjá félaginu, þyrfti hver félagsmaður að greiða svonefnt stofnframlag, og var fjárhæð þess kr. 4.000.00. Á aðalfundi 15. apríl 1957 var samþykkt sú breyting á nefndri 6. gr., að stofnframlagið hækkaði í kr. 10.000.00, og enn var á aðalfundi 7. desember 1966 samþykkt með 16 atkvæðum gegn 2 hækkun stofnframlagsins í kr. 20.000.00. Tók þetta einnig til þáverandi félagsmanna, þannig að þeir skyldu greiða viðbót við fyrri framlög.

Breytingar á félagssamþykktum, er skylduðu félagsmenn til beinna fjárframlaga í þágu félagsins, urðu ekki gerðar án samþykkis allra félagsmanna, enda hafa þær ekki stoð í 13. gr. laga nr. 46/1937 né í öðrum réttarreglum. Að þessu athuguðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt er, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 25.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Lánasjóður atvinnubifreiðarstjóra, greiði gagnáfrýjanda, Ingjaldi Ísakssyni, kr. 25.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 24. febrúar 1971.

Mál þetta, sem dómtekið var mánudaginn 22. febrúar 1971, hefur Ingjaldur Ísaksson, Lækjarbakka, Fífuhvamsvegi, Kópavogi, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 7. maí 1970, á hendur Lánasjóði atvinnubifreiðarstjóra, Brekkugerði 32, Reykjavík.

Kröfur stefnanda eru þær, að aðalfundur félagsins, þ. e. stefnda, sem haldinn var 8. desember 1969, verði ógiltur svo og að viðurkennd verði óskorðuð félagsréttindi hans í félaginu og að lagt verði fyrir stjórn félagsins, eins og hún var skipuð fyrir aðalfundinn 8. desember 1969, að boða þegar í stað til nýs aðalfundar, þar sem stefnandi njóti atkvæðisréttar og kjörgengis, enda verði breyting sú, sem gerð var á annarri gr. félagslaganna, í gagnstæða átt, talin ógild, þar sem hún fari í bága við ákvæði laga nr. 46/1937. Loks krefst stefnandi málskostnaðar eftir mati réttarins.

Stjórn stefnda hefur látið sækja þing og krafizt þess fyrir hönd félagsins, að það verði sýknað af öllum kröfum stefnanda í málinu. Jafnframt er krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Sáttaumleitarnir hafa ekki borið árangur.

Atvik máls þessa eru þau, að hinn 4. nóvember 1953 rituðu 190 atvinnubifreiðarstjórar og starfsmenn, starfandi á bifreiðastöð Samvinnufélagsins Hreyfils í Reykjavík, undir stofnsamning að samvinnufélagi. Meðal þessara manna var stefnandi máls þessa. Í stofnsamningnum segir svo m. a.: „Félagið heitir fullu nafni „Lánasjóður atvinnubifreiðarstjóra og annarra starfsmanna á bifreiðastöð Samvinnufélagsins Hreyfils“. Nafnið verður skammstafað „Lánasjóður atvinnubifreiðarstjóra s.f.“. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík. Félagsmenn geta orðið allir þeir, sem starfa sem atvinnubifreiðarstjórar á bifreiðastöð Samvinnufélagsins Hreyfils í Reykjavík, svo og aðrir starfsmenn stöðvarinnar gegn greiðslu hins lögákveðna þátttökugjalds og starfsjárframlags.

Tilgangur félagsins er að veita félagsmönnum sínum lán til þess að kaupa eða endurnýja á annan hátt bifreiðar sínar og greiða þannig fyrir því, að þeir hafi eingöngu nýlegum bifreiðum á að skipa, til þess að draga á þann hátt úr hinum óhóflega rekstrar- og viðhaldskostnaði, sem atvinnubifreiðarstjórar hafa lengi átt við að stríða.

Stofngjald hvers félagsmanns skal vera kr. 25.00 og hið sama inntökugjald nýrra félagsmanna, og greiðist það við undirritun þessa samnings eða við inngöngu í félagið síðar.

Jafnframt skal hver félagsmaður láta félaginu í té sem starfsfé kr. 4.000.00, er undirritaðir skuldbinda sig til að greiða þannig: Kr. 300.00 fyrir 8. janúar 1954 sem fyrstu greiðslu og síðan kr. 100.00 á mánuði reglulega, unz allt framlagið, kr. 4.000.00, er að fullu greitt. Hið mánaðarlega framlag okkar greiðum við í skrifstofu Samvinnufélagsins Hreyfils samtímis afgreiðslugjöldum okkar til stöðvarinnar. Um greiðslur þeirra, er síðar ganga í félagið, skal fara eftir samþykktum þess. Ekki skal vera sam-ábyrgð í félaginu.

Félagsmenn bera því ekki ábyrgð á skuldbindingum þess umfram stofnsjóðsinnstæðu sína, og þó aldrei á meira en kr. 300.00, sbr. fyrirmæli um þetta í samvinnufélagalögum nr. 46, 1937.

Framlag hvers félagsmanns er persónuleg eign hans í félaginu eða erfingja hans, er hann fellur frá, og endurgreiðist í samræmi við samþykktir þess á grundvelli fyrirmæla í landslögum“.

Í samræmi við stofnsamning þennan var boðað til stofnfundar félagsins hinn 7. desember 1953, og þar voru samþykkt lög fyrir félagið. Bera þau yfirskriftina lög fyrir „Lánasjóð atvinnubifreiðarstjóra“.

Í 2. gr. laga þessara segir: „Félagið er samvinnufélag. Félagsmenn geta orðið allir þeir, er stunda atvinnu sem bifreiðarstjórar á stöð Samvinnufélagsins Hreyfils í Reykjavík, svo og aðrir starfsmenn stöðvarinnar, er hafa meirapróf til bifreiðaaaksturs, gegn greiðslu hins lögákveðna inntökugjalds og stofnframlags í samræmi við tilgang félagsins“.

Í 3. gr. laganna segir svo: „Félagsmaður ber aðeins ábyrgð á fjárreiðum félagsins með stofnsjóðsinnstæðu sinni“.

4. gr. hljóðar svo: „Tilgangur félagsins er að útvega félagsmönnum lán til þess að kaupa eða endurnýja á annan hátt bifreiðar sínar og greiða þannig fyrir því, að félagsmenn hafi eingöngu nýlegum bifreiðum á að skipa“.

Í 5. gr. segir: „Við inngöngu í félagið skulu allir félagsmenn aðrir en stofnendur undirrita sérstaka skuldbindingu um að hlíta lögnum og samþykktum félagsins á hverjum tíma. Inntökugjald er kr. 25.00, og rennur það í varasjóð“.

6. gr. laganna hljóðar svo: „Til þess að öðlast rétt til lántöku hjá félaginu þarf hver félagsmaður að greiða kr. 4.000.00 stofnframlag. Framlagið greiðist eigi hægar en með kr. 100.00 á mán-

uði, frá því að maður gekk í félagið, unz það er að fullu greitt. Stofnendur skulu hafa greitt eigi minna en kr. 300.00 upp í stofnframlag sitt fyrir 8. janúar 1954, enda öðlist þeir þá þegar rétt til lántöku, eftir því sem fé verður til. Þeir, sem ganga í félagið eftir þann dag, skulu ekki eiga rétt á láni, fyrr en í fyrsta lagi einu ári eftir að þeir ganga í það. Ennfremur er það jafnan skilyrði fyrir lántöku, að lánþegi hafi afgreiðsluleyfi á bifreiðastöð Samvinnufélagsins Hreyfils“.

7. gr. hljóðar svo: „Framlag hvers félagsmanns samkvæmt 6. gr. er persónuleg eign, og skulu vextir af því lagðir í stofnsjóð, þar til hann er orðinn kr. 300.00 hjá hlutaðeigandi, en eftir það skal hann eiga rétt á að fá vextina útborgaða“.

Í 13. gr. segir nánar um stofnsjóðinn: „Í stofnsjóð skal leggja sem séreign hvers félagsmanns allan arð hans af viðskiptum við félagið, þar á meðal vexti af stofnframlagi samkvæmt 7. gr., þar til stofnsjóðsinnstæða hans er orðin að upphæð kr. 300.00, og þó aldrei minna en 3% af viðskiptum hans við félagið. Þegar stofnsjóðseign félagsmanns hefur náð kr. 300.00, er stjórninni heimilt að borga honum út þann hagnað, sem er umfram 3% af viðskiptum hans við félagið.“

Stofnsjóð skal nota sem veltufé í félagsþarfir, og skulu vextir af honum lagðir við innstæðu hvers eins í árslok“.

Í 12. gr. eru ákvæði um það, hvenær stofnsjóður fellur til útborgunar: „1. Við andlát. 2. Við brottför úr félaginu eða brottfall félagsréttinda. 3. Við gjaldþrot félagsmanns. 4. Ef hann verður framfærslustyrksþurfi“.

Í 16. gr. eru ákvæði um aðalfund félagsins, og hljóðar hún svo: „Aðalfundur félagsins hefur æðsta vald í öllum málum þess með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum þessum og landslögum. Hann skal halda fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Fundurinn er lögmætur, ef þriðjungur félagsmanna mætir, enda hafi hann verið boðaður með a. m. k. einnar viku fyrirvara á sannanlegan hátt og hafi dagskrá jafnframt verið auglýst í fundarboði.“

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Athugað lögmæti fundarins.
2. Skýrslur félagsstjórnar og endurskoðenda.
3. Reikningar bornir upp til samþykktar og tekin ákvörðun um ráðstöfun tekjuafgangs.
4. Kosning stjórnar og endurskoðenda.
5. Lagabreytingar (ef um þær er að ræða).
6. Önnur mál, sem upp kunna að vera borin samkvæmt fundar-

boði eða til umræðu utan hinnar boðuðu dagskrár.

Á aðalfundi ræður afl atkvæða, nema þar sem lög þessi gera berum orðum ráð fyrir auknum meirihluta.

Fundargerð aðalfundar skal færð í gerðabók félagsins. Skal hún lesin upp í lok fundar og staðfest síðan með undirskrift fundarstjóra og ritara. Verði fundur eigi lögmætur vegna of lítillar fundarsóknar, telst næsti fundur löglegur án tillits til fjölda fundarmanna, ef löglega er til hans boðað“.

25. gr. félagslaga hljóðar svo: „Lögum þessum verður aðeins breytt á aðalfundi og séu a. m. k. $\frac{2}{3}$ hlutar fundarmanna meðmæltir breytingu og að hún hafi verið boðuð með dagskrá“.

Í 10. gr. félagslaga er að finna ákvæði um atkvæðisrétt og kjörgengi félagsmanna, og hljóðar hún svo: „Hver félagsmaður hefur eitt atkvæði og er kjörgengur í trúnaðarstöður, eftir því sem lög þessi ákveða“.

Hafa nú verið rakin þau ákvæði samþykkt félagsins, sem hér þykir skipta máli.

Að loknum stofnfundinum var félagið skráð hjá borgarfégeta-embættinu og skráningin birt 11. febrúar 1954.

Á aðalfundi félagsins, sem haldinn var á mánudeginum 15. apríl 1957, var sú breyting gerð á 6. gr. samþykkt félagsins, að stofnframlagið var hækkað úr kr. 4.000.00 í kr. 10.000.00. Breyting þessi var samþykkt samhljóða. Þess er ekki getið í fundargerð, hversu margir voru á þessum fundi, en fundargerð ber það með sér, að athugað hefur verið um lögmæti fundarins í upphafi hans.

Á aðalfundi 30. nóvember 1965 lá fyrir tillaga um að breyta 6. gr. laganna þannig, að stofnframlag félagsmanna hækkaði úr kr. 10.000.00 í kr. 20.000.00, enda yrðu lán þá til félagsmanna hækkuð í allt að kr. 80.000.00, jafnskjótt og innborguð viðbótarframlög gerðu það kleift. Viðbótarstofnframlag þetta skyldu félagsmenn hafa lokið við að greiða innan 2ja ára. Þeir, sem greiddu stofnframlögin fyrr en tilskilið var, skyldu sitja fyrir um hækkuð lán.

Tillaga þessi var samþykkt á fundinum með 12 atkvæðum gegn 3, en athugasemd kom fram um það, að til lagabreytingar þyrfti $\frac{2}{3}$ hluta fundarmanna og væri tillagan ekki samþykkt. Úrskurðaði fundarstjóri, að tillagan væri þar með felld, þar sem 20 menn væru á fundi, en tillagan hefði þurft 14 atkvæði.

Á aðalfundi 7. desember 1966 lagði stjórn félagsins enn fram tillögu til lagabreytingar. Hljóðaði hún svo: „Aðalfundur Lána-sjóðs atvinnubifreiðarstjóra, haldinn í Félagsheimili Fákis miðviku-

daginn 7. 12. 1966, samþykkir þá breytingu á 6. gr. laga sjóðsins, að stofnframlög félagsmanna sjóðsins skuli hækka úr kr. 10.000.00 í kr. 20.000.00, enda verði upphæðir lána til félagsmanna hækkaðar í allt að kr. 80.000.00, jafnskjótt og innborguð viðbótarstofnframlög gera kleift.

Greiðslu þessara viðbótarstofnframlaga skulu félagsmenn hafa lokið innan tveggja ára. Þeir, sem greiða stofnframlög fyrir en tilskilið er, skulu sitja fyrir um hækkun á.

Tillagan var samþykkt með 16 atkvæðum, 2 voru á móti, en ekki er þess getið, hversu margir voru á fundi. Engin athugasemd kom fram.

Á aðalfundi félagsins 28. nóvember 1967 kemur fram, að formaður sjóðsins minnir á samþykkt frá fyrra ári um hækkun stofnframlagsins og að sú upphæð hafi átt að vera greidd innan 2ja ára frá þeirri samþykkt, en að reyndin hafi verið sú, að aukið framlag hefði hingað til aðallega komið í sambandi við nýjar lántökur manna.

Á aðalfundi félagsins 28. nóvember 1968 lá enn fyrir tillaga til breytingar félagslögnum. Var hún við 2. gr. þeirra og hljóðar svo:

„Hafi menn ekki greitt stofnframlag sitt að fullu, þegar liðin eru tvö ár, frá því að þeir gerðust félagsmenn, skulu nöfn þeirra færð á aukaskrá, og hafa þeir þá ekki atkvæðisrétt á fundum félagsins né kjörgengi í trúnaðarstöður fyrir félagið, fyrir en þeir hafa innt umræddar greiðslur af hendi.

Sama regla gildir, þegar samþykkt hefur verið hækkun á stofnframlagi“.

Tillaga þessi var undirrituð af öllum stjórnarmönnum utan einum. Enginn óskaði eftir að taka til máls um tillöguna, og var hún borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða. Þess er ekki getið í fundargerð, hve margir voru á fundinum. Þess er og heldur ekki getið, hvort lögmæti fundarins var athugað, aðeins að það hafi verið á dagskrá. Það kemur fram í fundargerðinni, að a. m. k. 47 manns voru á fundi, því að við stjórnarkjör þá fær sá frambjóðandi, sem flest hlýtur atkvæði, þá atkvæðatölu.

Fundargerð þessa aðalfundar ber það með sér, að stefnandi máls þessa hefur verið á fundi bæði fyrir og eftir samþykkt laga-breytingar þessarar.

Með bréfi 1. nóvember 1969 barst stefnanda svofelld tilkynning:

„Á síðasta aðalfundi Lánasjóðs atvinnubifreiðarstjóra var sam-

þykkt svohljóðandi breyting á lögum Lánasjóðsins:

Viðbót við 2. gr.: „Hafi menn ekki greitt stofngjald sitt að fullu, þegar liðin eru tvö ár, frá því að þeir gerðust félagsmenn, skulu nöfn þeirra færð á aukaskrá, og hafa þeir þá ekki atkvæðisrétt á fundum félagsins né kjörgengi í trúnaðarstöður fyrir félagið, fyrr en þeir hafa innt umræddar greiðslur af hendi.

Sama regla gildir, þegar samþykkt hefur verið hækkun á stofnframlagi“.

Í tilefni af þessu er athygli þín hér með vakin á því, að þú hefur ekki atkvæðisrétt né kjörgengi á næsta aðalfundi Lánasjóðsins, nema þú hafir fyrir fundinn gert full skil á stofnframlagi þínu til hans“.

Undir þetta ritar Stefán O. Magnússon, framkvæmdastjóri stefnda.

Aðalfundur 1969 var síðan haldinn 8. desember 1969. Í upphafi þessa fundar kvaddi sér hljóðs stefnandi máls þessa, Ingjaldur Ísaksson, og kynnti bréf það, sem hann hafði fengið um brottfall félagsréttinda, þ. e. kosningarréttar og kjörgengis, vegna vangreidds stofnframlags. Afhenti hann síðan eftirfarandi bréf til fundarstjóra:

„Vegna sjálfs mín og þeirra félaga annarra, sem eins stendur á um, þá mótmæli ég breytingu þeirri, sem gerð var á 2. gr. samþykpta félagsins á síðasta aðalfundi, að því er til þeirra manna tekur, sem áður höfðu öðlazzt full félagsréttindi, sbr. 2. og 10. gr. fyrir breytinguna. Jafnframt vísa ég til 3. gr., 2. tl., laga nr. 46/1937.

Ég áskil mér og þeim mönnum, sem hafa að þessu leyti sömu réttarstöðu og ég í félaginu, allan rétt af þessu tilefni, til hverra þeirra opinberra aðgerða, sem nauðsynlegar kunna að reynast til þess að gæta og vernda félagsleg réttindi okkar“.

Fundarstjóri tók þá til máls, en fundarstjóri á fundinum var Stefán Oddur Magnússon, formaður og framkvæmdastjóri stefnda, og kvað þá menn, er ættu vangreitt af stofnframlögum, aðeins hafa misst kosningarrétt og kjörgengi í félaginu, þar til þeir hefðu greitt þau, en ekki önnur félagsréttindi. Væri þetta samkvæmt lögum félagsins og yrði farið eftir þeim að öllu leyti á þessum fundi. Gengu þá stefnandi og nokkrir menn aðrir af fundi.

Á þessum fundi upplýsti gjaldkeri félagsins, Steingrímur Aðalsteinsson, það, að fullgildir félagar í sjóðnum væru níutíu og hefðu þrjár af þeim gengið í sjóðinn á árinu. Á aukaskrá væru eitt hundrað og sex menn, þ. e. menn, sem hefðu ekki greitt

fullt stofnframlag. Þar væru níttján menn, sem ekki hefðu náð að greiða að fullu fyrstu stofnframlagsupphæðina, þ. e. kr. 4.000.00.

Á fundinum kom fram eftirfarandi tillaga um lagabreytingu: „Aðalfundur í Lánasjóði atvinnubifreiðarstjóra, haldinn 18. desember 1969, samþykkir, að breyting sú, sem gerð var á 2. gr. sjóðsins á síðasta aðalfundi, skuli úr gildi numin“.

Taldi flutningsmaður tillögunnar, að hætta væri á, að menn færu úr sjóðnum, ef tillagan yrði ekki samþykkt. Gjaldkeri félagsins andmælti tillögunni og kvaðst ekki þekkja til nokkurs félags, þar sem skyldur og réttindi héldust ekki í hendur. Skylda félagsmanns í sjóðnum væri að greiða stofnframlag og réttindin kosningarréttur og kjörgengi.

Tillagan var síðan borin undir atkvæði og felld með 15 atkvæðum gegn 11, en þrjátíu og sjö voru á fundi þessum í lok hans.

Stefnandi málsins hefur komið fyrir dóm. Hann kvaðst ekki minnst þess, að fundarboð til aðalfundarins 1968 hafi verið öðruvísi en venja var til. Hann sagði, að venjulega væri aðalfundur boðaður með auglýsingu á vinnustöðum þeirra. Hann kvaðst ekki minnst annars en að í fundarboðinu hefði staðið það, sem venja var til. Hann sagði, að örugglega hefði það ekki verið boðað með fundarboði, að breyta ætti lögnum á þann hátt, sem gert var á fundinum, en lagabreytingar hafi verið boðaðar, eins og venja var. Hann kvaðst hafa sótt fund þennan, en komið seint og farið, áður en fundi lauk. Hann kvaðst þó hafa verið á fundi, þegar lagabreytingin var samþykkt, en minnst þess ekki, hvernig atkvæðagreiðslan fór fram. Hann tók það fram, að atkvæðagreiðslan hlyti að hafa gengið mjög fljótt fyrir sig, þar sem umræður hefðu verið litlar eða engar um tillöguna. Hann kvaðst engum andmælum hafa hreyft á fundinum við þessum breytingum. Hann tók fram, að hann hefði talið, að breytingatillagan varðaði ekki þá eldri félagana, það e. a. s. þeirra atkvæðisrétt. Hann áleit, að um 60—70 manns hefðu verið á fundinum. Hann kvaðst ekki muna nákvæmlega eftir atkvæðagreiðslum, en segir, að á meðan hann var á fundinum, hafi einungis atkvæðagreiðslur með handauppréttingum farið fram, nema hvað kosningar hafi farið fram skriflega. Hann kvaðst ekki minnst þess, að hann hefði greitt atkvæði um tillöguna.

Hann sagði, að um áttatíu manns hefðu sótt aðalfundinn, þar af hefðu tuttugu og fimm til þrjátíu gengið af fundi.

Einnig hefur komið fyrir dóminn Stefán Oddur Magnússon, formaður og framkvæmdastjóri stefnda. Honum var kynnt ljósrit

af skráningu stefnda hjá borgarfégetaembættinu. Sagði hann í því sambandi, að Pétur J. Jóhannsson hefði verið framkvæmdastjóri stefnda, en kvaðst sjálfur hafa tekið við 1. marz 1956. Hann sagði, að það muni hafa gilt það sama um breytingar á samþykktum stefnda og um breytingu framkvæmdastjóra félagsins, að hvorugt hefði nokkurn tíma verið tilkynnt. Sama hefði gilt um breytingar á stjórn félagsins.

Hann sagði, að ætíð hefði verið boðað til aðalfunda í félaginu með uppfestri auglýsingu á stæðum Hreyfils og afgreiðslum. Hann sagði, að í auglýsingu þessari hefði dagskrá verið tilkynnt. Þannig hefði einnig verið um aðalfundinn 1968. Hann kvað þess hafa verið getið í dagskrá eins og venjulega, að lagabreytingar ætti að gera, en ekki tekið fram, hvers efnis þær væru. Hann sagði sig minna, að stefnandi hefði sótt aðalfundinn 1968. Hann kvaðst ekki minnast þess, að stefnandi tæki til máls um umdeilda lagabreytingu. Hann sagði, að atkvæðagreiddslan um þessa lagabreytingu hefði farið fram með handauppréttingu. Hann taldi, að ekkert atkvæði hefði komið fram á móti tillögunni. Hann sagði, að breytingin hefði vafalaust ekki verið tilkynnt til skráningar frekar en aðrar breytingar.

Þá hefur komið fyrir dóm Jón S. Sigurðsson. Hann kvaðst kannast við tilefni máls þessa og hafa fylgt nokkuð með því. Hann kvaðst hafa verið í stjórn stefnda árið 1968 og fram á aðalfund 1969. Fyrir honum var lesin umdeild lagabreyting frá aðalfundinum 1968, og kvaðst hann ekki hafa heyrt neitt um þessa lagabreytingu, fyrr en komið var að dagskrárliðnum lagabreytingar á fundinum. Þá hafi Stefán Magnússon ýtt að honum og öðrum stjórnarmeðlimum greindri tillögu. Hann kvaðst ekki hafa viljað skrifa undir tillögunu, en aðrir stjórnarmenn hafi gert það. Hafi afstaða sín til tillögunnar byggzt á því, hvernig komið var fjárhag sjóðsins. Hann kvaðst hafa greitt atkvæði gegn lagabreytingartillögunni á aðalfundinum 1968. Hann kvaðst hafa séð ein fjögur mótatkvæði úti í sal. Hann sagðist hafa gert athugasemd við bókun vegna þessa atriðis, þegar fundargerð var lesin upp, en þá hafi verið komið los á fundinn og athugasemd hans ekki heyrt og hann ekki sótt þetta fast, þar sem hann taldi, að 4—5 atkvæði skiptu ekki máli. Fyrir honum var lesin athugasemd í lok fundargerðar aðalfundarins 1968, og sagði hann, að þar sé ekki um sína athugasemd að ræða. Sú athugasemd hafi verið gerð út af öðru atriði. Losið á fundinum hafi einmitt stafað út af þeirri athugasemd.

Hann sagðist minnst þess, að Stefán Magnússon hafi sagt á aðalfundinum 1969, að um fjörutíu hefðu gengið út af fundinum. Hann kvaðst minnst þess, að um fjörutíu og átta manns með fullum atkvæðisréttindum væru eftir á fundinum.

Stefnandi byggir málalíbúnað sinn í fyrsta lagi á því, að öll meðferð umdeildrar lagabreytingar hafi verið ólögleg og samþykktin því markleysa, en jafnvel þótt hún yrði talin lögleg, þá ætti það ekki að hafa áhrif á félagsréttindi hans, þar sem stofnsjóðseign hans hafi numið hærri fjárhæð en krafizt hafi verið í sambandi við breytingu samþykktanna. Hann hefur þessu til sönnunar lagt fram yfirlit, sem dags, er 31. desember 1969, um stöðu sína gagnvart sjóðnum. Segir í þessu yfirliti, að stofnframlag hans sé kr. 10.000,00, en stofnsjóðsinneign kr. 12.365.10.

Í öðru lagi heldur stefnandi því fram, að hið stefnda félag sé stofnað sem samvinnufélag og hlýti lögum um slík félög, þ. e. lögnum nr. 46/1937. Samkvæmt 13. gr. þeirra laga eigi að tilkynna til skráningar, ef samþykktum félagsins sé breytt eða breytingar verði að öðru leyti á því, sem tilkynnt hefur verið til skráningar. Samkvæmt þessu sé það spurning, hvort breyting samþykktu félagsins sé skuldbindandi, þar sem ekki hafi verið tilkynntar breytingar á samþykktum félagsins.

Þá var því haldið fram, að ekki væri getið um, hversu margir hefðu sótt aðalfundinn 7. desember 1966, en í lögum um samvinnufélög, 3. mgr. 19. gr., væru ákvæði um lögmeata fundarsókn. Þessi fundur hafi því verið ólögmeatur eins og aðalfundurinn 30. nóvember 1965. Samkvæmt þessu væri samþykktin um hækkun stofnframlagsins frá 1966 ólögmeat.

Þá var því haldið fram af hálfu stefnanda, að varðandi laga-breytinguna hefði verið rangt að farið á aðalfundinum 1968, bæði hvað varðaði form og efni.

Breytingin sé gerð sem breyting á inngönguskilyrðum 2. gr. samþykktanna, en formlegra hefði verið réttara að tengja hana 6. gr. samþykktanna. Efni breytingartillögunnar brjóti aftur á móti í bága við 2. gr. samþykktanna, eins og hún sé óbreytt, og einnig gegn 10. gr. þeirra. Þá sé takmörkun á atkvæðisrétti manna og mismunur á því sviði óheimil, sbr. 2. tl. 3. gr. laga um samvinnufélög. Vangreiðsla á stofnframlagi gæti hér ekki varðað missi atkvæðisréttar.

Því var haldið fram, að hækkun á stofnframlagi geti verið sjálfsgöð gagnvart yngri félögum, en hún væri hæpin gagnvart eldri félögum og hreinlega ólögmeat gagnvart stofnfélögum. Var

í því sambandi vitnað til stofnsamnings, sem rakinn er hér að framan, og talið, að skýra mætti hann þannig, að samþykktirnar yrðu að vikja fyrir honum. Í stofnsamningi sé sérstaklega getið um, hvernig fari um nýja féлага og framlög þeirra. Annað hafi átt að gilda um stofnféлага. Þá var því enn haldið fram, að til-lagan, sem samþykkt var á aðalfundinum 1968, hafi ekki verið kynnt sérstaklega í fundarboði og því hafi ekki mátt samþykkja hana. Jafnframt að fundurinn sjálfur hafi verið ólöglegur vegna fámennis.

Máli sínu til stuðnings benda stefndu á þá staðreynd, að lána-sjóðurinn hafi verið stofnaður til þess að gera leigubifreiðar-stjórum á bifreiðastöð Hreyfils hægara um vik að eignast nýjar eða nýlegar bifreiðar. Sjóðir félagsins séu aðallega tveir: Stofn-framlag og stofnsjóður. Innstæða hvers félagsmanns í hvorum sjóði um sig sé bókfærð sérstaklega á hans nafn. Stofnsjóðsinn-stæða hvers félagsmanns sé til tryggingar skuldbindingum félags-ins, en komi aðeins til útborgunar samkvæmt 12. gr. félagslaga, sem áður er rakin.

Stofnframlagið sé annars eðlis. Það sé óbundin séreign hvers félagsmanns, en jafnframt hið raunverulega stofnfé og starfsfé sjóðsins.

Það hafi upphaflega verið ákveðið kr. 4.000.00. Með hækkandi verði á bifreiðum og auknum innflutningi og fjölgun bifreiðar-stjóra á Hreyfli hafi ekki verið hjá því komizt að hækka stofn-framlagið. Það hafi í fyrstu verið hækkað úr kr. 4.000.00 upp í kr. 10.000.00 með lagabreytingu, sem samþykkt hafi verið ein-róma á aðalfundi félagsins 15. apríl 1957. Enn hafi verið ákveðið með lagabreytingum á tveim aðalfundum, 30. nóvember 1965 og 7. desember 1966, að hækka stofnframlagið upp í kr. 20.000.00.

Frá upphafi hafi verið ljóst, að sjóðurinn gæti ekki gegnt hlut-verki sínu nema því aðeins, að félagsmenn inntu stofnframlög sín reglulega af hendi og í samræmi við lög og aðrar löglegar samþykktir.

Eftir að allmikil brögd hafi verið farin að verða á því, að menn stæðu ekki í skilum með stofnframlög sín eða hækkun á þeim, hafi ekki þótt hjá því komizt að veita þeim félagsmönnum, er hlut áttu að máli, nokkurt aðhald. Það hafi þá verið gripið til þess ráðs að samþykkja þann viðauka við 2. gr. félagslaganna, sem hér valdi deilum.

Af hálfu stefnda var því haldið fram, að framangreindar laga-breytingar hafi allar verið gerðar með löglegum hætti á lögleg-

um aðalfundum. Stefnanda sé þetta sjálfum ljóst, hann viðurkenni, að honum beri að greiða umrædda hækkun á stofnframlaginu, sbr. t. d. þau ummæli í stefnu, að stofnsjóðsinnstæða hans nemi hærri fjárhæð en hinni samþykktu hækkun á stofnframlaginu. Þetta sé að vísu reist á misskilningi. Stefnandi geti ekki sjálfur ráðstafað stofnsjóðsinnstæðu sinni eða skert hana á nokkurn hátt, á meðan hann sé félagsmaður, sbr. 12. gr. félagslaga, sem áður hefur verið rakin.

Þá var því haldið fram, að það hafi verið fyrst við munnlegan flutning málsins, sem því hafi verið hreyft af hálfu stefnanda, að breytingarnar á samþykktum félagsins hafi verið gerðar á ölögmætan hátt. Af hálfu stefnda var þessu sérstaklega mótmælt sem röngu og því jafnframt haldið fram, að þessi málsástæða væri of seint fram komin.

Þá var á því byggt af hálfu stefnda, að Lánasjóður atvinnubifreiðarstjóra væri samvinnufélag og væri tilgangi hans lýst formlega í stofnsamningi og félagslögum. Eiginlegur tilgangur sjóðsins væri sú félagshugsun samvinnunnar, að menn styddu hver annan með sameiginlegu átaki. Til þess að hrinda þessari hugsun í framkvæmd yrðu allir að beygja sig undir sömu lög og sama aga, án þessa félagsanda væri ekki unnt að framkvæma meginverkefni sjóðsins. Stefnandi hljóti að skilja þetta manna bezt, þar sem hann sé einn af stofnendum sjóðsins og hafi aldrei hreyft mótmælum við starfsemi hans fyrr en nú. Hann hafi goldið umyrðalaust hækkun á stofnframlagi úr kr. 4.000.00 í kr. 10.000.00 samkvæmt lagabreytingu 15. apríl 1957, sem samþykkt hafi verið samhljóða. Hann hafi því þá þegar gert sér ljóst, að stofnframlagið væri jafnan skilyrði fyrir óskráðum félagsréttindum samkvæmt 2. gr. félagslaganna. Hann hafi sjálfur setið aðalfundinn 28. nóvember 1968 og tekið virkan þátt í umræðum bæði fyrir og eftir meðferð lagabreytingarinnar, sem samþykkt hefði verið í einu hljóði.

Þá var því mótmælt, að lagabreytingin á aðalfundi 28. nóvember 1968 bryti á nokkurn hátt í bága við 2. tl. 3. gr. laga nr. 46/1937. Tilgangurinn með þessu lagaákvæði, þ. e. reglan um eitt atkvæði fyrir hvern félagsmann, væri sá, að koma í veg fyrir, að efnamenn hefðu meiri rétt en aðrir. Þetta hafi verið gert til þess að greina samvinnufélög frá hlutafélögum, þar sem fjárhæð hlutfjár ráði atkvæðamagni félagsmanna. Réttur stefnanda hafi ekki verið skertur á nokkurn hátt með þeirri viðbót við 2. gr. félagslaganna, sem samþykkt hefði verið á aðalfundinum 28. nóvember

1968, enda hafi hann sjálfur ekki hreyft neinum mótmælum við þeirri breytingu.

Að vísu mætti orða þann möguleika, að félagsstjórninni hefði verið fær sú leið að lögsækja hvern þann félagsmann, er eigi stæði í skilum með stofnframlag sitt. Hið hafi þótt liggja beinna við, m. a. af hagkvæmnisástæðum, að binda það í lögum, að vanskilamenn gætu ef til vill átt á hættu að missa tiltekin félagsréttindi um stundarsakir. Með lagabreytingunni hafi mönnum verið veittur tveggja ára frestur til að standa í skilum og það, sem meira hafi verið, þeim hafi með þessu lagaákvæði verið veitt sú aukna lagavernnd, að þeim hafi verið algerlega í sjálfsvald sett, hvort nokkurn tíma þyrfti að grípa til hinna tímabundnu og takmörkuðu skerðinga á félagsréttindum þeirra.

Þá var það viðurkennt af hálfu stefnda, að ekki hafi verið gætt tilkynninga til skrásetningar, en því haldið fram, að samkvæmt 17. gr. laga um samvinnufélög væru breytingarnar allt að einu bindandi gagnvart félagsmönnum, þar sem þeim hafi verið kunnugt um breytingarnar, en aldrei hreyft andmælum við þeim.

Af hálfu stefnanda var því mótmælt, að hann hefði komið of seint fram með þá málsástæðu, að aðalfundirnir hefðu verið ólögmatir. Var til þess vitnað, að fundargerðir hefðu ekki verið fram lagðar fyrr heldur en í munnlegum málflutningi.

Greiðsla til stefnda á svonefndu „stofnframlagi“ eða hækkun þess varð eigi að lögum gerð að skilyrði fyrir því, að félagsmenn mættu neyta atkvæðisréttar og njóta kjörgengis á fundum félagsins, sbr. 2. tl. 3. gr. laga nr. 46/1937 og þau sjónarmið, sem nefndum ákvæðum liggja til grundvallar. Af þessum sökum var ógild sú breyting á félagslögum, sem gerð var á aðalfundi félagsins hinn 28. nóvember 1968 og verður ekki beitt gagnvart stefnanda, hvað sem annars liður skuldbindingu hans til greiðslu fyrrgreinds framlags.

Samkvæmt því, sem að ofan hefur verið rakið, ber að taka til greina kröfu stefnanda um ógildingu á greindri breytingu á félagslögum frá 28. nóvember 1968. Enn fremur er rétt með hliðsjón af deiluefni og kröfum aðilja að veita viðurkenningardóm fyrir atkvæðisrétti og kjörgengi stefnanda á fundum félagsins. Eins og á stendur, hafa hins vegar ekki verið færð fram viðhlítandi rök fyrir því, að ógilda beri í heild aðalfund hins stefnda félags frá 8. desember 1969 og í hans stað boða til nýs fundar.

Eftir ofangreindum málsúrslitum er rétt að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 20.000.00.

Dóm þennan kváðu upp Hrafn Bragason, formaður dómsins, og meðdómendurnir Gaukur Jörundsson prófessor og Eggert Kristjánsson, löggiltur endurskoðandi.

Dómsorð:

Ofangreind breyting á lögum hins stefnda félags, Lánasjóðs atvinnubifreiðarstjóra, sem samþykkt var á aðalfundi félagsins hinn 28. nóvember 1968, er ógild.

Viðurkenndur er atkvæðisréttur og kjörgengi stefnanda, Ingjalds Ísakssonar, á fundum stefnda, Lánasjóðs atvinnubifreiðarstjóra.

Stefndi, Lánasjóður atvinnubifreiðarstjóra, greiði stefnanda, Ingjaldi Ísakssyni, kr. 20.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 17. desember 1971.

Nr. 155/1970. **Bæjarstjórn Keflavíkur f. h.**
Byggingarnefndar Keflavíkur
 (Vilhjálmur Þórhallsson hrl.)
 gegn
Grétari Sigurðssyni
 (Tómas Árnason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómárar Hæstaréttar.

Ómerking. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. ágúst 1970, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. júlí s. á. Gerir hann þær dómkröfur, „að stefndi verði dæmdur til þess að fjarlægja á sinn kostnað þann hluta af bílageymslu sinni